

Fimmtudaginn 22. október 1998.

Nr. 61/1998.

Sam-suða ehf.

(Ingimundur Einarsson hrl.)

gegn

Erlu Báru Jónsdóttur

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Verksamningur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 3. febrúar 1998. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefndu verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti án tillits til gjafsóknar, sem henni hefur verið veitt í málinu.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, deila málsaðilar um endurgjald áfrýjanda til stefndu fyrir störf hennar sem matráðskonu á tímabilinu frá 27. júlí til 30. september 1996. Telur áfrýjandi, að samið hafi verið um, að umbun til hennar skyldi felast í ýmiss konar hlunnindum, sem gerð er grein fyrir í héraðsdómi, en annað endurgjald skyldi ekki koma fyrir störf hennar. Hann vefengir einnig þá tíma-skráningu, sem reikningur stefndu styðst við, og það tímakaup, sem hún krefst. Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi hins vegar fallið frá þeirri málsástæðu, sem teflt var fram fyrir héraðsdómi og reist er á skuldajöfnuði.

Með vísan til forsendna héraðsdómara er fallist á, að stefnda eigi rétt til greiðslna úr hendi áfrýjanda umfram þau hlunnindi, sem ágreiningslaust er, að samist hafi um, að hún skyldi njóta.

II.

Reikningur stefndu til áfrýjanda er fyrir vinnu í samtals 531 klukkustund. Styðst hann við vinnuseðla, sem staðfestir eru af fyrir-svarsmanni Borlagna ehf., en stefnda vann í þágu starfsmanna þess

félags og áfrýjanda á Ísafirði á áðurnefndu tímabili. Á vinnuseðlunum kemur fram, að unnið hafi verið við matseld, innkaup og fleira.

Starfsmaður Borlagna ehf. kom fyrir dóm og staðfesti nefnda vinnutímaskráningu. Gerði hann jafnframt nokkra grein fyrir daglegum störfum stefndu. Þykir mega leggja upp gefinn vinnustundafjölda stefndu til grundvallar dómi að því undanskildu, að ellefu vinnustundir 26. ágúst 1996 eru tvítaldar. Lækkar vinnustundafjöldinn sem því nemur.

III.

Stefnda telur sig hafa verið verktaka í störfum sínum fyrir áfrýjanda. Krefst hún 1.000 króna greiðslu fyrir hverja unna klukkustund samkvæmt áðurnefndri tímaskráningu. Á reikningi hennar kemur fram, að henni hefur verið úthlutað virðisaukaskattsnúmeri, og krefur hún áfrýjanda um greiðslu virðisaukaskatts á verklaun sín. Verður ekki séð, að áfrýjandi hafi mótmælt því sérstaklega, að hún væri verktaki, fyrr en við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti, er hann setti fram það álit sitt, að hún hefði frekar verið launamaður í starfi sínu en verktaki. Eru ekki efni til að taka tillit til þessara síðbúnu andmæla við úrlausn málsins.

Áfrýjandi mótmælir kröfu stefndu um 1.000 króna verklaun á klukkustund, sem hann telur allt of há. Hefur hann því til stuðnings lagt fram kauptaxta Félags starfsfólks í veitingahúsum, sem gildi frá 1. júní 1997 og sýnir verulega lægri laun en stefnda krefst.

Óumdeilt er í málinu, að aðilar sömdu ekki um ákveðna fjárhæð verklauna handa stefndu fyrir störf hennar. Verður því að ákveða þau með tilliti til þeirrar meginreglu, sem fram kemur í 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Í skýrslu stefndu fyrir dómi kemur fram, að hún starfaði fyrir Borlagnir ehf. í tæplega einn mánuð, eftir að störfum hennar fyrir áfrýjanda lauk. Fyrir það hafi henni verið greiddar 100.000 krónur. Af þessu má ráða, að hún áskilur sér hærri greiðslur úr hendi áfrýjanda en hún sætti sig við frá Borlögnum ehf. fyrir sambærileg störf, að ætla megi. Vísar stefnda ekki til neinna annarra tilvika á vinnumarkaði, þar sem greidd hafi verið sömu eða sambærileg verklaun og hún krefst fyrir sams konar störf. Er einnig fram komið, að hún virðist hafa haft aðstöðu til að sinna öðru í

vinnutíma sínum, þar á meðal að annast barn sitt, sem fæddist skömmu fyrir upphaf starfa hennar í þágu áfrýjanda.

Samkvæmt öllu framanröktu verður að fallast á mótmæli áfrýjanda gegn því tímagjaldi, sem stefnda krefst. Að öllu virtu verður talið, að 750 króna verklaun á klukkustund sé hæfilegt endurgjald til stefndu fyrir þann tímafjölda, sem áður er getið. Á greiðsluna leggst lögboðinn virðisaukaskattur, en frá henni dragast 50.000 krónur, sem áfrýjandi galt stefndu í ágúst 1996 og ómótmælt er, að eigi að koma til frádráttar. Verður áfrýjanda samkvæmt því gert að greiða stefndu samtals 435.550 krónur með dráttarvöxtum frá 9. maí 1997, en þá var liðinn mánuður, frá því að hún krafði áfrýjanda fyrst sannanlega um greiðslu skuldar við sig.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað. Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem rennur í ríkissjóð, en gjafsóknarkostnaður stefndu hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, allt eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Sam-suða ehf., greiði stefndu, Erlu Báru Jónsdóttur, 435.550 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. maí 1997 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem rennur í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. nóvember 1997.

Mál þetta höfðaði Erla Bára Jónsdóttir, kt. 120559-3469, Keldulandi 5, Reykjavík, með stefnu, birtri 24. maí sl., á hendur Sam-suðu ehf., kt. 660396-2419, Bjarnastaðavör 4, Bessastaðahreppi. Málið var dómtekið 20. nóvember sl.

Stefnandi krefst greiðslu á 760.495 kr. með dráttarvöxtum frá 27. mars 1997 til greiðsludags. Hún krefst jafnframt málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega frávisunar kröfu um greiðslu skv. reikningi nr. 2 (149.400 kr.), en sýknu af kröfu um greiðslu skv. reikningi nr. 3 (661.095 kr.).

Til vara krefst stefndi sýknu af kröfu skv. reikningi nr. 2, verulegrar lækkunar á kröfu skv. reikningi nr. 3 auk viðurkenningar á kröfu sinni á hendur stefnanda, að fjárhæð 616.881 kr., og rétti til skuldajafnaðar. Þá krefst stefndi 145.163 kr. í málskostnað óskipt úr hendi stefnanda og lögmanns hennar, Smára Hilmarssonar hdl.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína á tveimur reikningum. Annars vegar er reikningur fyrir leigu á rafsuðuvél, dagsettur 27. mars 1997. Samkvæmt honum er krafist greiðslu leigu í 80 daga, 1.500 króna fyrir hvern dag auk virðisaukaskatts, samtals 149.400 kr. Hins vegar er reikningur nr. 3, dagsettur 26. mars 1997. Texti hans er svohljóðandi: „Skv. meðfylgjandi vinnuseðlum. Jafnaðartímakaup 531 klst. á 1.000“. Stefnandi krefur hér um laun fyrir rekstur mötuneytis, en stefnandi kveðst hafa rekið mötuneyti fyrir starfsmenn stefnda og Borlagna ehf. vegna verks, er félögin unnu fyrir Orkubú Vestfjarða á Ísafirði síðari hluta sumars 1996.

Í stefnu er ekki gerð frekari grein fyrir leigu á rafsuðuvél. Af fram lögðum reikningi verður ekki heldur ráðið, hvenær leigutími stóð, o. fl. Við aðalmeðferð lýsti stefnandi því í aðilaskýrslu, að vélin hefði verið leigð stefnda, sem var undirverktaki, í sex mismunandi verk, er unnin voru á Reykjavíkursvæðinu, og taldi þau upp og hver hefði verið aðalverktaki. Ekki hefði verið samið sérstaklega um endurgjald. Í aðilaskýrslu Böðvars Magnússonar, framkvæmdastjóra stefnda, var því haldið fram, að vélin hefði verið notuð við fimm af þessum verkum, og hefði sambýlismaður stefnanda, Sigurhans Hlynsson, komið með hana og notað. Hann hefði fengið greitt fyrir vinnuna og afnot vélarinnar.

Um rekstur mötuneytis segir stefndi í greinargerð: „...fyrir þrábeiðni stefnanda og sambýlismanns hennar varð það að samkomulagi með stefnanda og stefnda, að stefnandi tæki að sér eldamennsku fyrir þá starfsmenn, sem að verkinu störfuðu á vegum stefnda og samstarfsaðila hans. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur um ráðningu stefnanda, en um það samið munnlega, að stefnandi fengi ekki greitt sérstaklega fyrir starfið umfram það, að stefndi ásamt samstarfsaðila hans greiddi flutningskostnað og húsnæðis- og fæðiskostnað stefnanda og sambýlismanns hennar og leggja þeim auk þess til bifreið til afnota á verktímanum.“

Stefnandi lýsti starfi sínu í aðilaskýrslu. Sá hún um morgunverð, morgunkaffi, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldverð alla daga vikunnar. Í fæði voru 10–15 manns. Morgun- og síðdegiskaffið fór hún með á vinnustað á Ísafirði. Þá kveðst hún hafa séð um frágang og öll innkaup. Hóf hún vinnu fyrir klukkan átta á morgnana, og var dagsverki lokið milli klukkan 10 og 11 á kvöldin. Stefnandi hefur útbúið vinnuseðla, og voru þeir staðfestir með

áritun starfsmanns Borlagna ehf., en stefnandi kvað framkvæmdastjóra stefnda ekki hafa verið á staðnum og því ekki getað staðfest vinnuskýrslurnar.

Í aðilaskýrslu framkvæmdastjóra stefnda, Böðvars Magnússonar, kom fram lítilllega breytt frásögn af ráðningu stefnanda frá því, sem segir í greinargerð. Sambýlismaður hennar, er starfaði við verkið hjá stefnda, hafi beðið um, að kona sín yrði ráðskona. Hafi þeir samið um, að hún fengi fríar ferðir, fæði, húsnæði og afnot af bifreið, en ekki nein laun. Sigurhans hafi síðan beðið um, að henni yrðu greiddar 50.000 kr., og hafi það verið samþykkt. Staðfesti framkvæmdastjórinn, að ekki hefði verið samið beint við stefnanda, heldur við sambýlismann hennar.

Stefnandi heldur því fram, að hún hafi verið ráðin til að reka mötuneyti fyrir stefnda, og því beri sér endurgjald fyrir. Telur hún 1.000 króna jafnaðartímakaup hæfilegt endurgjald og vísar til 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Inn í þessari fjárhæð séu öll launatengd gjöld, og því sé ekki unnt að bera hana saman við kauptaxta. Þá hafi stefndi haft rafsúðuvél sína til afnota í 80 daga, og beri að greiða leigugjald fyrir þau afnot. Hún mótmælir skuldajafnaðarkröfu stefnda. Bendir hún sérstaklega á, að símareikningar hafi verið fyrir annað tímabil og þar hafi verið um að ræða símanotkun sambýlismanns síns að miklu leyti í þágu stefnda. Þá séu aðrir reikningar sér óviðkomandi.

Stefnandi vísar til almennra reglna um greiðslu fjárskuldbindinga. Þá vísar hún til vaxtalaga nr. 25/1987 og 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi samið um, að stefnanda yrðu ekki greidd laun, heldur yrðu ýmis útgjöld hennar greidd og að hún og fjölskylda hennar fengi fæði, húsnæði o. fl. Því sé hann ekki skuldbundinn til að greiða laun, þar sem hann hafi að fullu staðið við það, sem um var samið. Jafnframt bendir hann á, að stefnandi hafi verið með barn með sér og því óhugsandi, að hún hafi unnið svo mikið sem hún haldi fram.

Stefndi lýsir því í greinargerð sinni, að hann hafi tekið á leigu og greitt leigu fyrir hús í Hnífsdal, er stefnandi og fjölskylda hennar bjó í á verk-tímanum. Þá hafi þeim verið lögð til bifreið til ferða til og frá Ísafirði og afnota þar og fæðiskostnaður fjölskyldunnar verið greiddur allan tímann. Þá hafi flutningur á búslóð verið greiddur og loks símareikningar fyrir stefnanda og fjárhæð umfram það.

Greiðslur þessar tilgreinir stefndi:

Húsaleiga 1. júlí til 15. nóvember 1996	kr.	180.000
Flutningur á búslóð	–	47.377

Símareikningar stefnanda	–	55.009
Greiðsla í peningum 28. ágúst 1996	–	50.000

Þessu til viðbótar reiknar stefndi fæðiskostnað og bifreiðahlunnindi og miðar fjárhæðir við skattmat í staðgreiðslu 1997, sbr. augl. 3/1996:

Fæði stefnanda og barns hennar	kr.	179.000
Afnot af bifreið	–	112.500

Stefndi telur því, að hann hafi greitt stefnanda samtals 616.881 kr. á verk-tímanum í heild, þ. e. 137.084 kr. á mánuði, en það sé rúmlega tvöfalt það kaup, sem hún hefði átt rétt á samkvæmt texta Félags starfsfólks í veitinga-húsum. Því hafi þessar greiðslur og hlunnindi verið meira en sanngjörn þóknun fyrir störf stefnanda.

Stefndi mótmælir tímaskráningu stefnanda, segir, að 11 vinnustundir á dag séu fjarri öllum raunveruleika.

Stefndi mótmælir því jafnaðarkaupi, er stefnandi miðar við. Bendir hann á, að samkvæmt kauptöxtum Félags starfsfólks í veitingahúsum séu laun í yfirvinnu 644,35 kr. á tímann (byrjunarlaun). Ekki hafi verið samið um þetta jafnaðarkaup, og sé eðlilegt að miða við texta stéttarfélagsins.

Þá bendir stefndi á, að meginhluti vinnu stefnanda hafi verið vegna starfsmanna Borlagna ehf., en starfsmaður stefnda hafi verið sambýlismaður stefnanda, Sigurhans Hlynsson. Hefði því átt að beina meginhluta kröf-unnar að Borlögnum ehf.

Skuldajafnaðarkröfu styður stefndi þeim rökum, að sé krafist launa, séu brostnar forsendur fyrir þeim greiðslum, er hann hafi innt af hendi í þágu stefnanda og talið vera endurgjald fyrir störf hennar.

Frávísunarkröfu styður stefndi þeim rökum, að krafa um leigugjald fyrir rafsúðuvél sé ekki nægilega reifuð í stefnu eða gögnum málsins. Jafnframt mótmælir stefndi því, að hann hafi nokkurn tíma haft rafsúðuvél á leigu frá stefnanda.

Kröfu á hendur lögmanni stefnanda skýrir stefndi svo, að lögmaðurinn reki mál Borlagna ehf., gagnstefnanda í máli, er stefndi hafi höfðað vegna uppgjors milli þeirra um skiptingu kostnaðar, m. a. vegna mannahalds á Ísafirði. Lögmanninum hafi verið kunnugt um samkomulag þessara aðila um skiptingu kostnaðar, en kjósi samt að haga málatilbúnaði sínum með til-teknum hætti. Vísar stefndi til 4. mgr. 131. gr. laga um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Um kröfu um endurgjald fyrir leigu á rafsúðuvél er þessa að gæta: Stefn-andi hefur ekki fyrr en í aðilaskýrslu sagt, við hvaða verk vélin á að hafa

verið notuð af stefnda. Þá kom ekki skýrt fram, hvenær það var. Stefndi hefur að hluta til staðfest, að vélin hafi verið notuð við verkin, en staðhæfir, að sambýlismaður stefnanda hafi lagt vélina til og fengið laun í samræmi við það. Svo sem krafan var reifuð í stefnu, var ekki forsenda fyrir stefnda til að taka efnislega til varna við kröfunni. Verður því að vísa þessum kröfulið frá vegna vanreifunar.

Óumdeilt er, að stefnandi starfaði við matseld fyrir starfsmenn stefnda og samstarfsaðila hans, Borlagna ehf., þann tíma, sem hún krefur um laun fyrir, þ. e. frá 27. júlí til 30. september 1996. Framkvæmdastjóri stefnda heldur því fram, að hann hafi samið svo um við sambýlismann stefnanda, að henni yrðu ekki greidd önnur laun en fæði, húsnæði og afnot af bifreið, en auk þess bæri stefndi tiltekinn annan kostnað. Stefndi leiddi sambýlismann stefnanda ekki sem vitni og skoraði ekki heldur á stefnanda að gera það. Verður þessi framburður framkvæmdastjóra stefnda ekki talinn vera sönnun um, að samið hafi verið á tiltekinn hátt, svo að bindandi sé fyrir stefnanda. Af málatilbúnaði stefnda má ráða, að hann hafi talið sig hafa samið um ýmis atriði við sambýlismann stefnanda, sem starfaði hjá honum, eins og áður segir, og virðist ekki greina skýrlega á milli viðskipta sinna við þau tvö. Verður ekki litið svo á, að stefnandi hafi tekið að sér verkið í samstarfi við sambýlismann sinn, þannig, að hann væri aðili samnings um það efni.

Almennt eiga þeir, sem taka að sér tiltekin verkefni, rétt á endurgjaldi fyrir störf sín. Hér skiptir ekki heldur máli, þó að einn þeirra, sem voru í fæði hjá stefnanda, hafi verið sambýlismaður hennar. Þá var það stefndi, sem réð stefnanda til verksins, og getur ekki vísað á aðra aðila til greiðslu verklauna.

Stefnandi hefur gert nægilega sennilegt, að hún hafi unnið þann tíma, sem í vinnuskýrslum hennar greinir. Mótmæli stefnda, sem eru aðallega rökstudd með því, að stefnandi hafi vegna ungs barns síns ekki getað unnið svo mikið, eru haldlaus. Svo sem verkefnum stefnanda er lýst, eru þau utan við venjulegt starfssvið félaga í Félagi starfsfólks í veitingahúsum, en stefnda hefði verið auðvelt að afla gagna um launagreiðslur í störfum svipuðum þeim, sem stefnandi innti af hendi. Verður því að miða við þá fjárhæð, er stefnandi gerir kröfu um, en hún er ekki bersýnilega ósanngjörn.

Stefnandi verður því talinn eiga kröfu um verklaun, að fjárhæð 611.095 kr., eftir að innborgun, að fjárhæð 50.000 kr., hefur verið dregin frá.

Ekki var samið skriflega við stefnanda um störf hennar, og eins og að framan er lýst, er talið ósannað, að hún skyldi ekki fá bein laun. Því er ekki heldur skýrt, hvers vegna greiddur var ýmis kostnaður, sem stefndi telur, að

stefnandi hafi með réttu átt að bera. Þessir liðir sýnast sumir hverjir a. m. k. beinast jafnt að sambýlismanni stefnanda og henni sjálfri. Þá hefði stefndi með réttu átt að ganga skýrlega og skriflega frá ráðningu stefnanda, en ráðningin yrði talin með óvenjulegum kjörum, ef staðhæfingar stefnda yrðu taldar sannaðar. Um einstaka liði má taka fram:

Bifreiðahlunnindi sýnist ekki rétt að reikna stefnanda, því að ljóst er, að hún notaði bifreið þessa við vinnu sína í þágu stefnda, og sýnist hún hafa verið nauðsynleg við að flytja kaffi og kaffibrauð á vinnustað og til að kaupa inn. Þá sýnist vinnutími annars hafa verið slíkur, að mikið ráðrúm hafi ekki verið til að nota bifreiðina í eigin þágu.

Ekki verður fallist á, að rétt sé að gera henni að endurgreiða fæðiskostnað sinn. Um barn hennar er ekki annað komið fram við vitnaleiðslur en að það fæddist fyrr um sumarið, og því sýnist ekki grundvöllur til að reikna sérstakan fæðiskostnað vegna þess.

Um símareikninga hefur stefnandi sagt, að um hafi verið að ræða notkun sambýlismanns síns á síma að mestu eða öllu leyti í þágu stefnda. Framkvæmdastjóri stefnda staðfesti þetta í öllum aðalatriðum í aðilaskýrslu sinni. Verða þeir því ekki notaðir til frádráttar.

Loks er ekki nægilega reifað af hálfu stefnda um húsaleigu og flutningskostnað, að hve miklu leyti þetta er kostnaður, er samið hafi verið um við sambýlismann stefnanda, og að hve miklu leyti við hana sjálfa. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að sambýlismaður stefnanda virðist hafa verið eini eða annar tveggja starfsmanna stefnda á Ísafirði, og flutningsnótur eru á hans nafni.

Greiðsla á 50.000 kr. er tilgreind í stefnu og er óumdeild.

Samkvæmt þessu verður sýknu- og skuldajafnaðarkröfum stefnda hafnað. Verður hann dæmdur til að greiða stefnanda 611.095 kr. með dráttarvöxtum frá 27. mars 1997 til greiðsludags. Þá verður honum gert að greiða málskostnað, sem ákveðst 115.000 kr.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Kröfu stefnanda um greiðslu á 149.400 kr. samkvæmt reikningi nr. 2 er vísað frá dómi.

Stefndi, Sam-suða ehf., greiði stefnanda, Erlu Báru Jónsdóttur, 611.095 kr. með dráttarvöxtum frá 27. mars 1997 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 115.000 kr. í málskostnað.